

Umhverfisstofnun
Áb. SF
08 OKT. 2003
54.52
Tilv. ÚST20030900094

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

7. október 2003
Tilvísun: ÚST20030900094/sf

Hringvegur, Vegaskarð - Langidalur. Matsskylda.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 15. september sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tillit til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framkvæmdina.

Framkvæmdalýsing

Um er að ræða nýja legu Hringvegar milli Vegaskarðs og Langadals í Norður-Héraði. Vegurinn er 11,9 km langur og liggur að hluta til á núverandi vegi. Um 9,7 km liggja utan núverandi vegar og teljast nýbygging en tæplega 2,2 km teljast endurbygging núverandi vegar.

Efnistaka

Samkvæmt tilkynningu um framkvæmdina er áætluð efnispörf vegna framkvæmdarinnar um 430.000 m³. Efni í veginn verður tekið úr vegskeringum og úr nýjum námum í nágrenni vegarins. Fyrirhugaðar námur eru alls 10 en auk þeirra eru tilgreindar 3 aukánámur sem nýttar verða ef efni verður minna í fyrirhuguðum námum eða efnispörf meiri en áætlað er.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við staðsetningu fyrirhugaðra námusvæða en minnir á að leggja verður fram áætlun um efnistöku áður en framkvæmdaleyfi er veitt, sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þar sem m.a. er gerð grein fyrir frágangi efnistökusvæða sbr. 49. gr. laganna.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra matsskyld framkvæmd. Í tilkynningu framkvæmdaraðila er flatarmál fyrirhugaðra námusvæða ekki tilgreint en samkvæmt framlögðum teikningum sem sýna afmörkun svæðanna verður ekki betur séð en að heildarflatarmál þeirra sé yfir fyrrgreindum mörkum.

Verndarsvæði

Fyrirhugaður vegur liggur um votlendi sem er stærra en 3 ha og skal því njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að veglínan liggur norðar en upphaflega var gert ráð fyrir til að minna votlendi raskist við framkvæmdina. Að mati Vegagerðinnar er ekki hægt að færa veglínuna úr votlendinu þar sem með því fengist ekki hentug veglína.

Umhverfisstofnun telur að æskilegast hefði verið að sneiða alveg hjá votlendinu og hlífa því við raski, enda er þar fjölbreyttasti gróðurinn á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og töluvert fuglalíf, sbr. athugasemdir hér að neðan. Stofnunin hvetur því eindregið til þess að veglínan verði endurskoðuð með hliðsjón af því. Að öðrum kosti telur stofnunin mikilvægt að hönnun vegarins miði að því að halda öllu raski í lágmarki og sneitt verði hjá tjörnum á svæðinu.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að endurheimt verður jafn stórt votlendi og það sem lendir undir vegi eða 0,72 ha. Staðsetning endurheimtar hefur ekki verið ákveðin en leitað verður að heppilegum stað á Austurlandi. Umhverfisstofnun fer fram á að haft verði samráð við stofnunina um val á votlendi til endurheimtar.

Gróður

Samkvæmt athugun Náttúrustofu Austurlands á gróðri á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er þar ekki að finna sjaldgæf eða sérstæð gróðurlendi. Ekki fundust sjaldgæfar tegundir eða tegundir sem settar hafa verið á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Ein tegund, hvítstör, sem fannst við Skarðsá og Langadalsá, er hins vegar fremur sjaldgæf, nema til fjalla norðanlands þar sem hún finnst allvíða.

Í skýrslu Náttúrustofu Austurlands er bent á að þrátt fyrir að hvorki sé að finna sjaldgæf eða sérstæð gróðurlendi á framkvæmdasvæðinu megi telja að allar gróðurvinjar á svo gróðurlitlu svæði sem um ræðir hljóti að hafa talsvert gildi, t.d. sem fræuþetta og geymslustaður þess líffræðilega fjölbreytileika sem þar er að finna, og því meira gildi sem svæðin eru stærri og fjölbreyttari. Í skýrslunni er sérstaklega bent á votlendissvæðið við Skarðshrygg en svæðið er fjölbreyttara en flestar þær gróðurvinjar sem finna má á þessum slóðum þótt gróðurlendin séu ekki mjög fjölbreytt á heimsmælikvarða. Þar er jafnframt töluvert fuglalíf, sbr. umfjöllun hér að neðan.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð áhrif á gróður. Stofnunin telur þó að æskilegast hefði verið að hlífa votlendinu við Skarðshrygg við raski eins og bent er á hér að framan, þó vissulega hafi verið dregið úr áhrifum á votlendið með færslu veglínunnar til norðurs eftir að niðurstöður úttektar á gróðri og fuglalífi lágu fyrir. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að gróðri verði raskað eins lítið og kostur er og að framkvæmdasvæðið verði skilgreint eins þröngt og frekast er unnt í votlendinu við Skarðshrygg, verði vegurinn lagður um það. Stofnunin bendir á að við framkvæmdirnar ber að hafa í huga ábendingu Náttúrustofu Austurlands þess efnis að jarðvegur á svæðinu er alls staðar mjög sendinn og má því búast við að rask í gróðurþekju geti leitt til frekara rofs.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að Vegagerðin muni endurheimta jafn stórt gróðursvæði og það sem raskast við framkvæmdina. Umhverfisstofnun telur eðlilegt að haft verði samráð við Landgræðslu ríkisins um uppgræðslu svæða.

Fuglalíf

Náttúrustofa Austurlands gerði athugun á fuglalífi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Samkvæmt þeirri athugun munu þær veglínur sem skoðaðar voru hafa lítil sem engin áhrif á fugla nema á tveimur stöðum, þ.e. við Skarðsá og í votlendinu vestan undir Skarðshrygg. Í skýrslu náttúrustofunnar segir m.a.:

„Um 6-800 m utan við brú á Skarðsá eru klettar þar sem fálki og hrafn hafa verpt en þessir tegundir báðar eru metnar í yfirvofandi hættu á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2000). Veglínan liggur þó 2-300 m frá klettunum en þessar tegundir yrðu óneitanlega síður fyrir truflunum ef vegurinn lægi sunnar.”

Um votlendið við Skarðshrygg segir:

„Votlendið vestan undir Skarðshryggnum er eins og vin í eyðimörkinni. Þar verpir álft og tugir heiðagæsa auk algengra mó-/votlendisfugla. Er eindregið mælt til þess að veglínun verði hnikað til norðurs þar svo gróðurlendið skerðist ekki og truflun af vegi og umferð verði sem minnst á fugla.”

Í tilkynningu framkvæmdaraðila er bent á að sú veglína sem Vegagerðin hafi valið liggja í meiri fjarlægð en núverandi vegur frá klettum þar sem hrafn og fálki hafa verpt. Því sé reiknað með að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á hrafn og fálka. Þá hafi veglínan verið færð töluvert norðar í votlendinu við Skarðshrygg.

Með hliðsjón af framangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð áhrif á fugla.

Vatnafar

Fyrirhugað er að færa farveg Skarðsár milli stöðva 13.000 – 13.240 vegna framkvæmdarinnar. Teknar verða bugður af ánni og hún færð á stað þar sem sést móta fyrir gömlum farvegi. Gerð verður fyrirstaða svo áin renni ekki aftur í núverandi farveg og efni flutt að og jafnað í botn hans. Nauðsynlegt er að gera rofvörn neðst í fyllingu austan Vegaskarðs til að verja hana ef áin fer upp úr farvegi sínum í leysingum. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé kunnugt um veiði í ánni á þessum kafla en vitað sé um silungsveiði neðar í ánni.

Umhverfisstofnun telur að gæta beri þess að framkvæmdin hafi ekki áhrif langt niður eftir ánni, t.d. með gruggmyndun, og að þess verði gætt að áin renni í sem „náttúrulegustum” farvegi eftir að framkvæmdum lýkur. Að mati stofnunarinnar er eðlilegt að haft verði samráð við embætti veiðimálastjóra vegna framkvæmdarinnar þar sem kunnugt er um veiði neðar í ánni.

Núverandi vegur


Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að núverandi vegur verður fjarlægður á kaflanum frá Skarðsá til vegamóta Möðrudals og einnig á um 400 m kafla við Svartfell og Langadalsá. Annars staðar þar sem veglínan liggur utan núverandi vegar er gert ráð fyrir að hann muni standa áfram. Þar verða kantar vegarins jafnaðir út þannig að vegurinn verði minna áberandi í landinu og núverandi brýr yfir Skarðsá og Langadalsá verða fjarlægðar.


Umhverfisstofnun bendir á að í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur ekki fram hvers vegna aðeins er fyrirhugað að fjarlægja núverandi veg að hluta til. Stofnunin telur eðlilegt að fjarlægður verður allur sá hluti núverandi vegar sem liggja mun utan við nýja vegstæðið.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin bendir þó á að efnistökuáhrif vegna framkvæmdarinnar virðast ná til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra.

Virðingarfyllst,


Sigríós Friðriksdóttir


Gunnar S. Jónsson

Afrit: Einar Þórarinnsson, eftirlitsráðgjafi Umhverfisstofnunar á Austurlandi.